



**177. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Laugarvatni föstudaginn 15. október 2010 kl. 14:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll: Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður.**

### **1. Ólympísk verkefni**

Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs fór yfir stöðu mála í undirbúningi neðangreindra leika. Nýlega var haldinn fundur með viðkomandi sérsamböndum til að fara yfir helstu þætti í aðdraganda hverra leika.

- **EYOF og EYOWF 2011**
- **Smáþjóðaleikar 2011**
- **London 2012**

Framkvæmdastjóri skýrði frá viðræðum við Icelandair varðandi miðasölu á Ólympíuleikana í London.

### **2. Samráðsfundur forystu ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ með mennta- og menningarmálaráðherra**

Forseti skýrði frá samráðsfundi forystu ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ með mennta- og menningarmálaráðherra sem fram fór í ráðuneytinu 14. október sl. Á fundinum voru ýmis mál reifuð og rætt m.a. um þann niðurskurð sem boðaður hefur verið á Fjárlögum Alþingis á íþróttatengdum liðum.

### **3. Fjárlög 2011**

Rætt um Fjárlög 2011 og hvernig bregðast má við þeim niðurskurði sem þar kemur fram.

### **4. Formannafundur ÍSÍ**

Rætt um undirbúning Formannafundar ÍSÍ sem haldinn verður 19. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

### **5. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 176. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 14.10.2010
- Afrekssviðs frá 30.9.2010
- Fræðslusviðs frá 16.9.2010

### **6. Viðburðir framundan**

Farið yfir þá viðburði sem fram undan eru og til lengri tíma litið.

## **7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 11. nóvember og 9. desember nk. Fundirnir munu hefjast kl. 16:00.

## **8. Önnur mál**

### **Vetraríþróttamiðstöð Íslands**

Friðrik Einarsson fór yfir helstu verkefni miðstöðvarinnar og niðurskurð fjárframlags til miðstöðvarinnar.

### **Vinnuhópur um ímyndarmál**

Gunnar Bragason fór yfir helstu störf vinnuhópsins til þessa. Spurningavagn hefur verið í vinnslu hjá MMR og er verið að fara að leggja hann fyrir ákveðið úrtak. Önnur verkefni eru í burðarliðnum.

### **Rannsóknarmiðstöð afreksíþrotta**

Gústaf A. Hjaltason óskaði eftir því að fá upplýsingar um hvar málefni rannsóknarmiðstöðvar stæðu. Sigríður Jónsdóttir svaraði því til að fundur yrði haldinn innan skamms um þetta mál.

### **Lög Dansíþróttafélags Borgarfjarðar**

Tekin fyrir lög Dansíþróttafélags Borgarfjarðar sem sótt hefur um aðild að UMSB. Samþykkt að staðfesta lög félagsins með fyrirvara um eftirfarandi lagfæringa

#### **Grein 10**

Samræma þarf frest til að skila inn tillögum til lagabreytinga og boðunarfrest aðalfundar.

#### **11. grein**

Lagt til að þessi grein sé felld út úr lögnum. Ekki er þörf á að halda auakaaðalfundi í íþróttafélagi. Hægt er að fresta aðalfundi ef ekki er hægt að útkljá öll mál sem á lögbundinni dagskrá aðalfundar eru, en að öðrum kosti nægja félagsfundir.

Breyta þarf töluliðum í lögnum við niðurfellingu greinarinnar.

#### **12. grein**

Minnt er á að ekki er heimilt að fjalla um atriði sem eru á dagskrá aðalfundar á félagsfundum.

#### **14. grein**

Bæta þarf ÍSÍ fremst í upptalninguna í setningunni þannig að hún sé þannig orðuð:

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ, DSÍ og UMSB eftir því sem við á.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir fundarritari.